

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Laufskálabyggð 12, L213318.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Laufskálabyggðar. Í breytingunni felst að veitt er heimild fyrir rekstrarleyfisskyldri útleigu húsa innan svæðisins. Breytingin nær til svæðisins í heild.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. september 2022.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. nóvember 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 22. nóvember 2022